

AUGLÝSING

um lækkun gjalda af hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Ráðuneytið hefur ákveðið skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 1, 11. febrúar 1970 um tollskrá o. fl., að lækka gjöld af eftirtöldum hráefnum til sælgætisframleiðslu frá því sem er í gildandi tollskrárlögum, þannig:

Tollskrárn.	Vöruheiti	Tollur skv. tollskrá	Tollur lækkar í
úr 11—08—09	Bragðlaus sterkja	15%	7%
13—02—01	Gúmmí arabikum	21%	15%
13—03—01	Pektín	25%	18%
13—03—02	Lakkrisextrakt (lakkrísrot)	30%	20%
úr 17—02—03	Siróp í 25 og pakkningum og stærri	70%	20%
18—01—00	Kakaóbaunir	20%	10%
18—03—00	Kakaódeig	30%	15%
18—04—00	Kakasmjör	30%	15%
úr 21—07—09	Hyfoama	100%	18%
35—02—00	Eggjahvítur	25%	18%
úr 35—03—09	Gelatín duft í 25 kg pakkningum og stærri	70%	30%

Framangreind lækkun er því skilyrði háð, að innflytjandi stundi sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að varan verði einungis notuð sem efni-vara í sælgætisframleiðslu. Ákvörðun þessi tekur gildi frá og með 1. ágúst 1971.

Fjármálaráðuneytið, 3. ágúst 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Porsteinn Ólafsson.

AUGLÝSING

um umferð á Hofsósi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Hofsóshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 26. maí 1968 er hér með ákveðið, að hámark ökuhraða bifreiða, bifhjóla og annarra vélknúinna ökutækja á Hofsósi skuli vera 45 km miðað við klukkustund.

Umferðarmerki um þetta verða sett við alla þjóðvegi, sem inn í kaupúnið liggja, og byrja hraðatakörkin við þau.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 5. ágúst 1971.

Jóh. Salberg Guðmundsson.